

# Gjaldskrárþróun Launafl

Ný gjaldskrá Landsnet vegna launafls

LANDSNET

# Forsendur endurskoðunar á gjaldskrá

- Mikil aukning launafls í flutningskerfinu síðustu ár sérstaklega vegna aukinnar strengjavæðingar.
- Vantar viðeigandi búnað til að taka á launafli til að tryggja öruggan rekstur flutningskerfisins
- Raforkulög: „*Gjald fyrir launafl skal byggja á raunkostnaði sem fyrirtækið ber vegna þess…*"



# Markmið

- Endurskoða núverandi gjaldskrá vegna launafls
- Tryggja öruggan rekstur flutningskerfsins út frá launafli með því að nota gjaldskránna sem hvata fyrir mótvægisaðgerðir gegn launafli í kerfinu
- Aukið gagnsæi með því að setja upp gjaldskrá sem endurspeglar kostnað Landsnets vegna launaflsbrota

# Umfang verkefnis og tímalína

- Ný gjaldskrá áætluð að taka gildi **1.janúar 2024**



# Núverandi gjaldskrá

- Gjald leggst á þegar launafl fer undir CosPhi = 0,9
  - Nema annað sé tiltekið í netmála eða samningum Landsnets og viðskiptavinar
- Lagt á 2% álag á afl- og orkugjald fyrir hvert 1% sem launafl er utan marka
- Hindranir í núverandi kerfi
  - Tenging við flutningsgjöld
    - Gjald mjög breytilegt milli afhendingarstaða enda fer það eftir orkumagni á hverjum stað þar sem gjaldið er tengt flutningsgjöldum
  - Ekki hægt að tengja beint við kostnað vegna launafls í flutningskerfinu
  - Ekki skipt í inn-/útmötun á launafli

# Kostnaður vegna launafls

- Kostnaður Landsnets vegna launafls í flutningskerfinu
  - Kostnaður við mótvægisaðgerðir vegna launafls
    - Kostnaður vegna spólu og uppsetningar
  - Kostnaður vegna erfiðleika í rekstri flutningskerfisins
    - Hefur mikil áhrif á spennustýringu í kerfinu og öryggi í rekstri – veldur tjónum
    - Áhrif vegna slits á búnaði og styttir afskriftartíma hans
  - Kostnaður vegna flutningstapa
  - Annar tilfallandi kostnaður
    - Meðal annars fjármagnskostnaður

# Samanburður við Norðurlöndin*

Evrópusambandið (EU) með í sínum skilmálum að mörk fyrir launafl skuli vera CosPhi 0,9 sem samræmist okkar mörkum.

Aðeins Noregur og Finnland með gjöld fyrir launafl. Er verið að vinna að því að koma á gjaldi í Svíþjóð

- Fingrid
  - Ákveðin mörk eru sett fyrir launafl og hverjum stað og greitt fyrir afl og orku sem fara yfir þau mörk sem leyfileg eru, bæði horft á inn- og útmötun.
- Statnett
  - Bæði gjald fyrir launafl og þóknun fyrir þá sem aðstoða við að halda launafli við rétt mörk. Gjaldið er virkjað ef viðskiptavinur fer yfir 10/15 MVar af fyrirfram ákveðnum mörkum.
  - Aðeins rukkað fyrir úttekt á launafli en eru með viðmið fyrir innmötun líka sem má sekta ef farið er út fyrir þó það sé ekki í gjaldskrá.

Svíþjóð og Danmörk eru með ákveðin mörk sem notendur þurfa að halda sig, er ekki í gjaldskrá en heimilt að beita sektum. Er í raun bara með ákveðin mörk sem notendum ber að halda sig innan, er forsenda fyrir tengingu við flutningskerfið.

*AFRY tók saman skýrslu

# Það sem ný gjaldskrá þarf að endurspegla

- Tryggja rekstur flutningskerfisins og spennustýringu
- Setja hvata til að koma á mótvægisaðgerðum vegna launafls í kerfinu
- Endurspegla þann kostnað sem Landsnet verður fyrir vegna of mikils launafls í flutningskerfinu

**Aðalmarkmiðið er að allir afhendingarstaðir haldi sig innan ákveðinna marka og launafl verði ekki vandamál í flutningskerfinu**

# Kostnaðaruppbygging nýrrar gjaldskrár

## Uppbygging kostnaðar Landsnets vegna launafls

**63%** – **Kaup og uppsetning spólu**

112 – 290 m.kr.
Fer eftir spennustigi

**19%** – **Styttri afskriftartími búnaðar**

- Meðal kostnaðaraukning 2%-4% á ári vegna styttri afskriftartíma
- 30% meðalaukning afskriftarkostnaðar ef afskriftartími styttist um 10 ár
- 80% meðalaukning afskriftarkostnaðar ef afskriftartími styttist um 20 ár

**12%** – **Kostnaður við tjón vegna spennustýringar**

- Landsnet þarf að greiða út tjón sem verða vegna spennuflökts

**6%** – **Flutningstöp og fjármagnskostnaður**

## Árlegt gjald launafls miðast svo við kostnað Landsnet og afskrifast miðað við aðgerðartíma

- Aðgerðartími er sá tími sem Landsnet telur að megi líða áður en nauðsynlegt sé að fara í mótvægisaðgerðir á sínum enda til að koma í veg fyrir frekari tjón. Landsnet metur þann tíma 10 ár.

# Ný gjaldskrá

- Mörk fyrir launafl á afhendingarstað mun áfram haldast þau sömu
  - **CosPhi 0,9 (nema annað sé tekið fram í samningum)**
- Eftirfarandi gjald á ári er leggst hlutfallslega á hvert MVAR sem er utan marka:

| Afhendingarspenna | 66 kV | 132 kV | 220 kV |
|---|---|---|---|
| ISK/MVAR á ári | 3.252.364 | 4.228.073 | 8.456.145 |

- Gjaldinu er einnig skipt upp í inn- og útmötun launafls (nettó flæði launafls) inn á kerfið og aðeins er rukkað fyrir þann hluta sem er að valda vandamáli í flutningskerfi Landsnets.
- Einnig er gjaldinu skipt upp eftir spennustigi á afhendingarstað vegna mismunandi kostnaðar við mótvægisaðgerðir á mismunandi spennustigi.

# Dæmi um launaflsbrot og gjald

| 66 kV | | |
|---|---|---|
| MVAR út fyrir mörk | Á ári | Á mánuði |
| 0,50 | 1.626.182 | 135.515 |
| 1,00 | 3.252.364 | 271.030 |
| 1,50 | 4.878.545 | 406.545 |
| 2,00 | 6.504.727 | 542.061 |
| 2,50 | 8.130.909 | 677.576 |
| 3,00 | 9.757.091 | 813.091 |
| 3,50 | 11.383.273 | 948.606 |
| 4,00 | 13.009.455 | 1.084.121 |

| 130 kV | | |
|---|---|---|
| MVAR út fyrir mörk | Á ári | Á mánuði |
| 0,50 | 2.114.036 | 176.170 |
| 1,00 | 4.228.073 | 352.339 |
| 1,50 | 6.342.109 | 528.509 |
| 2,00 | 8.456.145 | 704.679 |
| 2,50 | 10.570.182 | 880.848 |
| 3,00 | 12.684.218 | 1.057.018 |
| 3,50 | 14.798.255 | 1.233.188 |
| 4,00 | 16.912.291 | 1.409.358 |

| 220 kV | | |
|---|---|---|
| MVAR út fyrir mörk | Á ári | Á mánuði |
| 0,50 | 4.228.073 | 352.339 |
| 1,00 | 8.456.145 | 704.679 |
| 1,50 | 12.684.218 | 1.057.018 |
| 2,00 | 16.912.291 | 1.409.358 |
| 2,50 | 21.140.364 | 1.761.697 |
| 3,00 | 25.368.436 | 2.114.036 |
| 3,50 | 29.596.509 | 2.466.376 |
| 4,00 | 33.824.582 | 2.818.715 |

# Breyting á gjaldskrá - orðalag

- **Núgildandi gjaldskrá**
- *9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull við úttekt hjá viðskiptavini í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en cosΦ 0,9, nema annað sé tiltekið í netmála eða samningum Landsnets og viðskiptavinar.*
- *9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi hækkar orku- og aflgjald samkvæmt 4. grein um 2% fyrir hvert 1% sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.*
- **Ný gjaldskrá**
- *9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull hjá viðskiptavini í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en cosΦ 0,9 nema annað sé tiltekið í netmála eða samningum Landsnets og viðskiptavinar.* ***Sé nettó flæði launafls utan marka er rukkað samkvæmt gr. 9.2.***
- *9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi* ***leggst eftirfarandi gjald hlutfallslega á hvert MVAR*** *sem meðalfasviksstuðllinn fer niður fyrir slíkt lágmark.* ***Gjaldið er innheimt mánarlega fyrir þá mánuði sem fasviksstuðull fer niður fyrir þessi gildi.***

| Afhendingarspenna | 66 kV | 132 kV | 220 kV |
|---|---|---|---|
| ISK/MVAR á ári | 3.252.364 | 4.228.073 | 8.456.145 |

# Næstu skref

- Í framhaldi af þessum fundi birtum við kynninguna og uppfærða gjaldskrá á heimasíðu okkar og umsagnarferli hefst. Þar óskum við eftir athugasemdum frá ykkur. Umsagnarferli stendur til og með 28.september 2023.

- Umsagnir ásamt viðbrögðum okkar og enduskoðun á gjaldskrá verða birtar á heimasíðu okkar og sendar í samþykkt til Orkustofnunar. Áætlað er að gögnin verði birt um mánaðarmótin september/október 2023.

- Áætluð gildistaka gjaldskrár launafls er 1.janúar 2024.